



Kópavogi, 5. febrúar 2024
2003630/030.03 TGI

Starfsreglur sérdeilda við grunnskóla Kópavogs

Í Kópavogi starfa eftirfarandi sérdeildir fyrir nemendur með lögheimili í Kópavogi:

- Sérdeild í Álfhólsskóla sem er ætluð nemendum í 1. – 10. bekk með einhverfu og mikla stuðningsþörf. Áætlaður fjöldi eru 6 - 8 nemendur á yngsta stigi, 6 - 8 nemendur á miðstigi og 6 - 8 nemendur á unglingastigi.
- Sérdeild í Salaskóla sem er ætluð nemendum í 1. – 10. bekk með einhverfu og mikla stuðningsþörf. Áætlaður fjöldi eru 8 - 10 nemendur.
- Sérdeild í Kópavogsskóla sem er ætluð nemendum í 5. – 10. bekk með proskafrávik og mikla stuðningsþörf. Áætlaður fjöldi eru 12 – 14 nemendur.
- Sérdeild í Snælandsskóla er ætluð er ætluð nemendum í 8. – 10. bekk með proskafrávik og mikla stuðningsþörf. Áætlaður fjöldi eru 10 - 12 nemendur.

A. Markmið og hlutverk

Hlutverk sérdeilda er að veita nemendum fjölbreytt nám í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu skv. 3., 4. og 8. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 148/2015. Markmiðið er að nemendur fái jöfn tækifæri til náms og virkrar þátttöku í skólastarfi.

Áhersla er lögð á einstaklingsmiðað nám sem tekur mið af áhuga og getu nemenda með aðalnámsskrá, skólanámsskrá og starfsáætlun grunnskólans að leiðarljósi. Allir nemendur sérdeilda eru skráðir í almenna bekki og leitast er eftir félagslegri blöndun nemenda í leik og starfi.

Móttökuáætlun

Móttökuáætlun skal gerð fyrir nemendur sem eru að hefja nám í sérdeild, í samræmi við 9. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015. Í henni skal m.a. gera grein fyrir samstarfi innan skólans um skipulag kennslunnar, aðbúnaði, aðstöðu, notkun hjálpartækja, skipulagi einstaklingsnámskrár, kennsluháttum og námsmati, hlutverki umsjónarkennara, sérkennara og annarra fagaðila innan skólans og samstarfi við forsjáraðila. Tilgreina skal áform skólans um stuðning við nemendur til félagslegrar þátttöku og virkni í skólasamfélaginu, svo sem í félagslífi og tómstundastarfi skólans.



Í slíkri áætlun skal einnig gera grein fyrir samstarfi við aðra aðila utan skólans. Móttökuáætlun skal unnin af umsjónarmanni sérdeildar og í samstarfi við fagfólk í leik- eða grunnskóla sem nemandinn er að flytjast frá.

Stundi nemendur af erlendum uppruna nám í sérdeild er stuðst við móttökuáætlun skólans skv. 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 9. gr. reglugerðar nr. 585/2010.

Einstaklingsnámskrá

Í sérdeildum er unnið út frá einstaklingsnámskrám sem byggðar eru á náms- og þroskastöðu nemenda í samræmi við 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 585/2010, ásamt mati á vali forgangsverkefna á hverjum tíma. Einstaklingsnámskrár skulu unnar út frá aðalnámskrá grunnskóla en fyrir þá nemendur sem þurfa á því að halda eru markmið í einstaka námsgreinum ekki aldursvarandi heldur aðlöguð að nemanda og útskýring á kennsluskipulagi sett fram.

Tilfærsluáætlun

Gera skal einstaklingsbundna tilfærsluáætlun fyrir nemendur vegna fyrirhugaðs náms í öðru skólaúrræði í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 585/2010. Í áætluninni skulu vera upplýsingar um skólagöngu nemandans, núverandi aðstæður og áform um frekara nám. Hefja skal gerð tilfærslu áætlun fyrir alla nemendur í sérdeild í 9. bekk.

Skólaþjónusta

Sérdeildir er hluti af almennum skóla og nemendur í sérdeildum hafa aðgang að skólaþjónustu grunnskólans. Í öllum skólum Kópavogsbæjar starfa nemendaverndarráð sem nemendur í sérdeildum heyra undir til jafns við aðra nemendur skólans.

Inn- og útskriftarreglur

Sérdeildum ber að fylgja inn- og útskriftarreglum sem settar eru skv. 2. mgr. 20. reglugerðar nr. 585/2020 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015, og staðfestar hafa verið af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Stuðningsteymi og stuðningsáætlun

Nemendum í sérdeild ber að hafa stuðningsteymi sem í sitja málstjóri, forsjáraðilar, umsjónarkennari og fulltrúar þjónustuveitenda sem veita barni þjónustu í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Stuðningsteymi vinnur



heildræna stuðningsáætlun þar sem fram kemur mat á þörfum barns, markmið með þjónustu, hlutverk þjónustuveitenda, hvernig árangur verði metinn og tímabil sem áætlun varir. Málstjóri ber ábyrgð á að fylgja eftir reglubundinni samvinnu meðan áætlun varir og að stuðningsáætlun verði endurmetin og endurnýjuð eftir þörfum.

B. Stjórnun

Sérdeildir eru skipulags- og stjórnunarlegur hluti þess grunnskóla sem þær eru í, undir stjórn skólustjóra. Dagleg umsjón er í höndum umsjónarmanns sérdeildar.

Við sérdeildir starfa fagrað sem skipuð eru skólustjóra, umsjónarmanni sérdeildar og fulltrúa Menntasviðs Kópavogsbæjar.

Öll meðferð, úrvinnsla og varðveisla trúnaðargagna skal vera í samræmi við lög og reglugerðir um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Í lok hvers skólaárs skal gera skýrslu um starfsemi sérdeildar, þar sem m.a. kemur fram fjöldi nemenda, fjöldi starfsmanna og helstu áherslur í starfinu. Þetta yfirlit skal berast grunnskóladeild Menntasviðs í júní hvert ár.

C. Starfsfólk

Í starfsáætlun hvers skóla skal koma fram lýsing á menntun og hlutverki starfsmanna deildarinnar með tilliti til 8. gr. reglugerðar nr. 585/2010 um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum.

D. Nemendur

Nemendum sérdeilda skal búið hvetjandi og fjölbreytt námsumhverfi í samræmi við þarfir þeirra. Þeir skulu fá jöfn tækifæri til náms og virkrar þátttöku í skólastarfinu á eigin forsendum. Markmiðið er að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra til þess að verða félagslega virkir þátttakendur í samfélaginu. Kennsluhættir eru lagaðir að þörfum og stöðu einstakra nemenda. Viðmið og fyrirmæli skulu vera sýnileg og skýr.

Réttur nemenda til tjáningar, menntunar og jafnra tækifæra er skilyrðislaus samkvæmt lögum, reglugerðum og samningum er gilda á Íslandi um börn. Hlustað skal á raddir nemenda og leitast við að fá álit þeirra á starfi deildarinnar í heild sem og við gerð einstaklingsnámskrár fyrir sérhvern nemanda í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.



E. Forsjáraðilar

Forsjáraðilar sækja um skólavist fyrir börn sín í sérdeild telji þeir að þörfum barnsins verði betur mætt þar. Umsókn skal berast fyrir 1. mars ár hvert á þar til gerðu eyðublaði í þjónustugátt á [heimasíðu Kópavogsbæjar](#). Inn- og útskriftarreglur sérdeilda skulu vera aðgengilegar forsjáraðilum og samráð skal hafa við forsjáraðila um hvort sérdeildir komi betur til móts við þarfir nemenda en almenn skólaúrræði. Ákvörðun um skólavist skal tekin með hliðsjón af óskum forsjáraðila, mati fagráðs og annarra sérfræðinga og með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ef umsókn um skólavist er synjað skal upplýsa forsjáraðila um að hægt sé að óska eftir frekari rökstuðningi fagráðs og þeim gefinn kostur á að tjá sig um synjunina. Ef umsókn er synjað eftir rökstuðning forsjáraðila skulu þau upplýst um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Leita skal eftir samstarfi við forsjáraðila við mótun einstaklingsnámskrár og áherslur í starfi með nemendum sérdeilda. Forsjáraðilar skulu upplýstir reglulega um framfarir barna sinna og ef upp koma áhyggjur af framförum. Forsjáraðilar skulu einnig upplýstir ef upp koma atvik í skólanum sem teljast frávik frá því sem búast má við af nemandanum eða viðbrögðum starfsfólks í vinnu með nemandanum.

Viðtöl við forsjáraðila eru tvisvar á ári og stuðningsteymi fundar reglulega til að fara yfir stöðu barnsins og næstu skref. Þess utan eru starfsmenn sérdeilda í samskiptum og samráði við forsjáraðila eftir því sem þurfa þykir.

F. Námsumhverfi

Sérdeildir eru staðsettar í almennum grunnskólum og skulu nýta húsnæði, skólalóð og búnað skólans í samræmi við markmið, þarfir og óskir nemendanna. Leitast skal við að nemendur fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi og í viðeigandi skólahúsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu svo þau geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra.

Búnaður í húsnæði skal taka mið af stöðu nemenda og veita möguleika bæði til bóklegs og verklegs náms. Áherslu skal lögð á aðgengi að viðeigandi tækjabúnaði, aðlöguðum námsgögnum og að nemendur geti nýtt sér viðeigandi samskiptamáta, s.s. táknmál eða blindraletur til að stuðla að sem bestri menntun, sjálfsstyrkingu og félagsþroska. Tryggja skal að nemendur hafi aðstöðu utandyra fyrir leik og frístundastarf.

G. Rekstur

Kópavogsbær ber ábyrgð á rekstri sérdeilda og úthlutar ákveðnu kennslutímamagni til sérdeilda á hverju ári en daglegur rekstur er í höndum skólastjóra.



Nemendum í 1.-4. bekk stendur til boða að sækja um lengda viðveru í frístundaúrræði skólans og nemendum í 5.-10. bekk stendur til boða að sækja um lengda viðveru í Hrafninum sem er frístundaúrræði á vegum bæjarfélagsins. Forsjáraðilar geta sótt um skólaakstur fyrir nemendur utan skólahverfis.

H. Ráðgjöf og kennslufræðileg þjónusta

Sérdeildir veita jafnframt ráðgjöf og kennslufræðilega þjónustu til starfsfólks skóla vegna nemenda með sérþarfir sem stunda nám í almennum skólaúrræðum Kópavogsbæjar, skv. 16. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, sbr. einnig reglugerð nr. 148/2015.